

# úti er ekki inni
# inni er ekki úti

arno lederer
jórunn ragnarsdóttir
marc oei

listasafn reykjavíkur
kjarvalsstaðir

31. ágúst – 27. október 2002

kunnuglegt nýtt

óvenjuleg framsetning hefðbundinna byggingaefna og forma í nýju samhengi.
markviss notkun ljóss, sem andstætt jafnri birtu, felur í sér allt litrófið og allan birtuskalann.

lögmál þessi mynda grundvöllinn að verkum arkitektanna arno lederer, jórunnar ragnarsdóttur og marc oei.
en það sem þeim liggur mest á hjarta felst í heiti sýningarinnar "úti er ekki inni, inni er ekki úti".

þessi byggingarlist leitast ekki við að afmá skilin milli innra rýmis og ytra umhverfis eins og fjöldi stál- og glerbygginga síðari ára sem hafna gjarnan áþreifanlegum efnum í leit að léttleika og gagnsæi.

þessi byggingarlist er þung. hún samanstendur af gegnheilum múrsteinsveggjum, sívalningum, kröftugum súlum, keilulaga loftræsirörum – öllum þeim formum sem brjóta upp lögmál flatarmálsfræðinnar.

þetta er byggingarlist sem þorir að hafa lágt til lofts og leyfir sér að móta dimm skot og afkima.

þessi byggingarlist býr yfir leyndardómi (konrad wohlhage).

tökum skólabygginguna í ostfildern sem dæmi: löng og mjó byggingin stendur í útjaðri nýs hverfis á lóð sem áður tilheyrði herstöð. áberandi er gróf múrlögn útveggjanna með óreglulegum fúgum sem minna á verklag fornrar hleðslu ( íhaldssamir borgarar hverfisins þreyttust ekki á því að spyrjast fyrir um hvenær gengið yrði frá múrhúðuninni).
veggklukkan á múrveggnum fyrir ofan innganginn ber vott um samskonar tímaleysi. grænir punktar og vísar úr ómeðhöndluðum kopar bera með sér að hafa verið þar alla tíð.
í heimi sýndarveruleikans er róandi að hafa spurnir af traustum klettum.

og inni er allt öðruvísi en úti: grunnflötur anddyrisins er hlutfallslega lítill miðað við hæð rýmisins sem teygir sig upp þrjár hæðir. háir steinsteyptir veggir baðaðir ofanljósi taka hátíðlega á móti gestum og gangandi og gefa til kynna að hér hefjist alvara lífsins. andstætt björtum kennslustofunum er rökkur á göngum. eiginlega verður ekki almennilega bjart fyrr en á efstu hæð byggingarinnar þar sem v-sniðið þakformið hleypir dagsbirtunni inn. hvítt loftið eykur endurkast ljóssins eftir sólstöðu og veðurfari hverju sinni. í sumum hornum skólabyggingarinnar er næstum myrkur. að sögn arkitektanna er það með ráði gert svo að nemendur hafi möguleika á að draga sig í hlé ef svo ber undir.

amber sayah, stuttgarter zeitung 31.05.2001

samstarfsfólk 1979 - 2002

roman adrianowytsch, **björn barkemeyer**, andreas baumann, norman binder, sabine birk, marc bischoff, jens böttner, **tilmann bohne**, jelena bózic, **maik braumann**, andy brauneis, **hans-jürgen breuning**, **eva caspar**, oliver cyrus, karin dietz, christoph dolderer, christine dom, michael duffner, **pia elser**, matthias essig, sabine evert, friederike faller, stefanie frensch, olivia gaiser, **marko garcia-barth**, heidi geromiller, roland göppel, kuno gräser, torsten gresens, **stephan grosch**, jo güth, **audur gudmundsdóttir**, simone haag, judith haas, sabine hace, **volker hahn**, ursula halling, catherin hartl, **ulrike hautau**, lene heller, bärbel hoffmann, **jelka hoogerbeets**, alf hoinkis, **thilo holzer**, markus horn, patrick humpert, conni hund, danielle jacobs, laura jahnke, christian kaiser, christel knapp, steffen köhler, thomas köhler, klaus kohler, valentine koppenhöfer, achim krayl, sabrina kreibohm, urban kreuz, wolfgang kühn, anette kubach, renate kunzmann, **stefanie lempart**, gerhard löw, marc losch, aurelien luquet, sebastian mai, birte matheus, andreas thomas mayer, jürgen mayer, **alexander mayer-steudte**, **nina meirer**, martin menrath, **beatrice mertins**, ricarda metelmann, boris miklautsch, kirsten müller, peter nickel, bernd nitsch, norbert ohler, tania ost, kerstin pfanner, tanja pfahler, **katja pütter**, stefan raab, christine reck, corina riedl, annette rimmele, jan rinke, hans-peter roth, isabelle sambeth, **igor schiltsky**, matthias schirrmacher, matthias schneider, **ulrike schulmeister**, peter schuster, **markus schwarzbach**, andrea sittel, reinhard staub, christoph stinn, annette strauss, dorothee strauss, anna streble, anke strittmatter, mathias stumpfl, **christian trepel**, **daniel trepte**, ruby tsang-hilliges, max vogel✝, eberhardt wahl, jürgen waldenmeyer, **mathias walter**, eva wanner, yoshimi yamaguchi, claus zahn, **sybille zeller**, hans ziegler, katrin ziegler.






## arno lederer

| | |
|---|---|
| 1947 | fæddur í stuttgart, þýskalandi |
| 1966 | stúdentspróf í stuttgart |
| 1968-76 | nám í arkitektúr við háskólana í stuttgart og vín |
| 1976 | lokapróf í arkitektúr frá háskólanum í stuttgart |
| 1977 | starfar á teiknistofu ernst gisel í zürich, sviss |
| 1978 | starfar á teiknistofu dieter hauser í tübingen, þýskalandi |
| 1979 | stofnar eigin teiknistofu í esslingen, þýskalandi |
| 1985- | sameiginleg teiknistofa með jórunni ragnarsdóttur, 1992 bætist marc oei í hópinn |
| 1985-90 | prófessor við fachhochschule í stuttgart |
| 1990- | prófessor við háskólann í karlsruhe |

## jórunn ragnarsdóttir

| | |
|---|---|
| 1957 | fædd á akureyri |
| 1975 | stúdentspróf frá menntaskólanum við hamrahlíð |
| 1976 | starfar á teiknistofu guðmundar þórs pálssonar og jóns ólafssonar í reykjavík |
| 1976-82 | nám í arkitektúr við háskólann í stuttgart |
| 1982 | lokapróf í arkitektúr frá háskólanum í stuttgart |
| 1982-85 | starfar á teiknistofu arno lederer í esslingen |
| 1985- | sameiginleg teiknistofa með arno lederer, 1992 bætist marc oei í hópinn |
| 1990-92 | kennsla hjá prófessor boris podrecca við háskólann í stuttgart |
| 1999-00 | leikmynda- og búningagerð við leikhús í reykjavík |

## marc oei

| | |
|---|---|
| 1962 | fæddur í stuttgart, þýskalandi |
| 1976 | stúdentspróf í fellbach |
| 1984-88 | nám í arkitektúr við fachhochschule í stuttgart |
| 1988 | lokapróf í arkitektúr frá fachhochschule í stuttgart |
| 1988-91 | starfar á teiknistofu arno lederer og jórunnar ragnarsdóttur í stuttgart |
| 1992- | sameiginleg teiknistofa með arno lederer og jórunni ragnarsdóttur |
| 1993-96 | kennsla við háskólann í karlsruhe |
| 1999- | kennsla við fachhochschule í stuttgart |
| 2001- | kennsla við háskólann í stuttgart |

## byggingar

| | |
|---|---|
| 1976 | einbýlishúsið **wullen** í gerlingen |
| 1981 | einbýlishúsið **blum** í aichwald-aichschiess |
| 1983 | endurbætur og nýbygging við gestahús háskólans í stuttgart í riezlern |
| 1986 | einbýlishúsið **mercy** í stuttgart |
| 1986 | borgarkjarni í fellbach |
| 1986 | barnaheimili í tübingen |
| 1990 | símstöð fyrir telekom í stuttgart |
| 1991 | íþrótta- og félagsmiðstöð í pforzheim |
| 1991 | skattstofa í reutlingen |
| 1992 | einbýlishúsið **baur** í stuttgart |
| 1994 | skemma og skrifstofur fyrir **ekz** í reutlingen |
| 1994 | einbýlishúsið **buben** í karlsruhe |
| 1995 | einbýlishúsið **klett** í stuttgart |
| 1997 | aðalskrifstofur orkustofnunar ríkisins í stuttgart |
| 1997 | stækkun og breytingar á bókaversluninni **wittwer** í stuttgart |
| 1999 | skóli og íþróttahús í ostfildern |
| 1999 | nýbygging við gestahús kaþólsku kirkjunnar í hohenheim |
| 1999 | innréttingar í banka í schwäbisch hall |
| 2000 | breytingar á læknastofu í stuttgart |
| 2000 | barnaheimili og ráðhús í karlsruhe |
| 2000 | breytingar á einbýlishúsinu **wizemann** í stuttgart |
| 2000 | salem **international college** í überlingen |
| 2001 | heimili aldraðra og félagsaðstaða kaþólsku kirkjunnar í stuttgart |
| 2002 | tvíbýlishúsið **gunter** í stuttgart |
| 2002 | stækkun skólans í ostfildern |
| 2001- | endurbætur og nýbygging við ríkisleikhúsið í darmstadt |
| 2001- | endurbætur og nýbygging við tryggingafyrirtækið helvetia í frankfurt |
| 2001- | verknámsskóli í heilbronn |
| 2002- | barnaheimili í heilbronn |

ljósmyndir eftir roland halbe og ralph richter







verðlaun/viðurkenningar

| | |
|---|---|
| 1982 | **aiv nachwuchspreis** |
| 1985 | **architekturpreis beton** (ásamt peter haas) / símstöð fyrir **telekom** í stuttgart |
| 1987 | **auszeichnung guter bauten** / borgarkjarni í fellbach |
| 1988 | **hugo häring preis** / borgarkjarni í fellbach |
| 1989 | **hesselbach-preis** / barnaheimili í tübingen |
| 1990 | **alberti-preis** / barnaheimili í tübingen |
| 1990 | **auszeichnung guter bauten** / símstöð fyrir telekom í stuttgart og barnaheimili í tübingen |
| 1992 | **architekturpreis westhyp-stiftung** / skattstofa í reutlingen |
| 1992 | **auszeichnung beispielhaftes bauen** / skattstofa í reutlingen |
| 1993 | **auszeichnung guter bauten** / skattstofa í reutlingen og íþrótta- og félagsmiðstöð í pforzheim |
| 1995 | **auszeichnung beispielhaftes bauen** / barnaheimili í tübingen |
| 1996 | **auszeichnung beispielhaftes bauen** / íþrótta- og félagsmiðstöð í pforzheim |
| 1996 | **auszeichnung guter bauten** / skemma og skrifstofur í reutlingen ásamt einbýlishúsunum **klett** í stuttgart og **buben** í karlsruhe |
| 1997 | **hugo häring preis** / skemma og skrifstofur í reutlingen |
| 1999 | **auszeicnung guter bauten** / aðalskrifstofur orkustofnunar ríkisins í stuttgart |
| 2000 | **hugo häring preis** / aðalskrifstofur orkustofnunar ríkisins í stuttgart |
| 2001 | **wohnhäuser 1990-2001 in karlsruhe** / raðhús í karlsruhe |
| 2001 | **auszeichnung beispielhaftes bauen** / skóli og íþróttahús í ostfildern |
| 2001 | **auszeichnung deutscher architekturpreis** / skóli og íþróttahús í ostfildern |
| 2001 | tilnefning til **mies van der rohe award for contemporary architecture, fundació mies van der rohe** í barcelona / skóli og íþróttahús í ostfildern |
| 2002 | **auszeichnung beispielhaftes bauen** / gestahús kaþólsku kirkjunnar í hohenheim |

sýningar

| | |
|---|---|
| 2000 | galerie **aedes** í berlin |
| 2001 | **architekturgalerie** í münchen |
| 2001 | **architekturgalerie am weissenhof** í stuttgart |
| 2002 | **haus der architektur** í dresden |
| 2002 | **neue deutsche architektur - eine reflexive moderne** í **bundesarchitektenkammer** í berlín |

kjarvalsstaðir

flókagötu - 105 reykjavík
sími: 552-6131 fax: 562-6191
opið daglega 10-17, miðvikudaga 10-19
leiðsögn sunnudaga kl. 15

hafnarhús

tryggvagötu - 101 reykjavík
sími: 511-5155 fax: 562-6191
opið daglega 11-18, fimmtudaga 11-19
leiðsögn sunnudaga kl. 16

ásmundarsafn

sigtúni - 105 reykjavík
sími: 553-2155 fax: 562-6191
opið daglega 10-16

aðgöngumiðinn gildir samdægurs í ásmundarsafn og hafnarhús.

Íslandssími





